

## NASDAQ OMX Iceland – Yfirlit fyrir ágúst 2012

**Hlutabréfaviðskipti** – Heildarviðskipti með hlutabréf í ágústmánuði námu 4.404 milljónum eða 200 milljónum á dag. Þessu til samanburðar nam veltan með hlutabréf í júlí 2.845 milljónum eða 129 milljónum á dag. Mest voru viðskipti með bréf Marel (MARL) 1.426 milljónir, með bréf Icelandair Group (ICEAIR) 1.283 milljónir, og með bréf Haga (HAGA) 1.046 milljónir.

**Hlutabréfavisitölur** – Úrvalsvisitalan (OMXI6) lækkaði um 1% milli mánaða og stendur nú í 994 stigum.

**Hlutdeild kauphallaraðila á hlutabréfamarkaði** – Á Aðalmarkaði Kauphallarinnar var Íslandsbanki með mestu hlutdeildina 36,9% (24,9% á árinu), MP Banki með 18,5% (12,5% á árinu), og Arion banki með 17,9% (17,2% á árinu).

**Skuldabréfavelta** – Heildarviðskipti með skuldabréf námu 254 milljörðum í síðasta mánuði sem samsvarar til 11,5 milljarða veltu á dag samanborið við 5 milljarða veltu á dag í júlímánuði.

Mest voru viðskipti með *RIKB 13 0517*, 29,4 milljarðar, *RIKB 19 0226*, 28,4 milljarðar, og *RIKB 16 1013*, 28 milljarðar. Alls námu viðskipti með ríkisbréf 195,6 milljörðum en viðskipti með íbúðabréf námu 55,7 milljörðum.

**Skuldabréfavisitölur** – Ávöxtunarkrafa þriggja mánaða óverðtryggðu vísitölnunnar (OMXI3MNI) er nú 2,82% (-36 punktar), ávöxtunarkrafa eins árs óverðtryggðu vísitölnunnar (OMXI1YNI) 3,54% (-47 punktar), fimm ára óverðtryggðu vísitölnunnar (OMXI5YNI) 6,04% (-8 punktar) og 10 ára óverðtryggðu vísitölnunnar (OMXI10YNI) 6,96% (-9 punktar). Ávöxtunarkrafa 5 ára verðtryggðu vísitölnunnar (OMXI5YI) stendur nú í 1,62% (-34 punktar) og 10 ára verðtryggðu vísitölnunnar (OMXI10YI) í 2,15% (-26 punktar).

**Hlutdeild kauphallaraðila á skuldabréfamarkaði** – Í ágústmánuði var Landsbankinn með mestu hlutdeildina 28,9% (24,2% á árinu), MP Banki með 19,7% (22,3% á árinu) og Íslandsbanki með 18,2% (19,9% á árinu).

**Heildarveltan fyrir ágúst mánuð er 258 milljarðar (samanborið við 112 milljarða í júlí).**